



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Suðurborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans : Vinátta, umhyggja og öryggi..... | 3 |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 | 4 |
| 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025..... | 7 |
| 4 Innra mat deilda 2023-2024 | 8 |
| 5 Innra mat sérkennslu..... | 12 |
| 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn | 14 |
| 6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla..... | 18 |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 18 |
| 8 Foreldrasamvinna..... | 19 |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 20 |
| 10 Fylgiskjöl | 20 |
| 10.2 Umsögn foreldraráðs..... | 21 |





Leiðarljós leikskólans : Vinátta, umhyggja og öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið í leikskólanum gengur vel og reynum við að halda rólegu og góðu andrúmslofti í húsinu. Mikilvægt er að öllum líði vel og finni fyrir öryggi, hvort sem það eru börn, foreldrar eða starfsmenn.

Undanfarin ár höfum við lagt áherslu á félagsfærni og mál og læsi í starfi leikskólans með ýmsu námsefni eins og stuðning við jákvæða hegðun (PBS), Lubba, bangsann Blæ, orðaspjall og fleira sem finna má í læsisstefnu Reykjavíkurborgar og Breiðholts.

Á starfsdögum í vetur höfum við verið að rýna í mikilvægi leiksins sem námsleið og hlutverk starfsmanna með börnunum. Það er okkar stefna á næsta skólaári að leggja ríka áherslu á að þann hluta og bæta því enn frekar inn hjá okkur. Gefa leiknum meira rými með það að leiðarljósi að börnin læri í gegnum leikinn. Þar verður hlutverk starfsmanna mjög mikilvægt. Þar af leiðandi verður það okkar helsta markmið í þessari starfsáætlun.

Að sjálfsögðu höldum við áfram með starfið okkar út frá félagsfærni, mál og læsi og sköpun. En að efla sköpun er eitt af okkar markmiðum út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Við erum á lokaári í Be-in, Erasmus samstarfinu okkar með Gent í Belgíu og Agueda í Portúgal. En frá hverju landi eru tveir leikskólar, fulltrúar háskólanna í borgunum og fulltrúi frá borgunum sjálfum. Samstarfið byggir á að efla foreldrasamskipti og teymisvinnu þegar kemur að börnum í sérkennslu og eða vegna sérstakra aðstæðna eins og börn af erlendum uppruna. Í gegnum verkefnið eru íslensku þátttakendurnir að gera starfendarannsókn um viðkomandi atriði í sínum leikskóla í samstarfi við Háskóla Íslands. Mjög krefjandi en skemmtilegt verkefni sem mun klárast í haust. Allir þátttakendur í verkefninu munu kynna sinn hluta á Eecera ráðstefnu í Brighton í september.

Það hefur verið smá breyting á starfsmanna hópnum en höfum fengið til okkar reynslumikið fólk í staðinn. Við höldum því glöð áfram okkar góða starfi í leikskólanum.

Nýtt logó var hannað af starfsmanni leikskólans í samstarfi við allt starfsfólk og erum við mjög stolt af því. Tréð tákna leikskólann í öllum sínum fjölbreytileika og hvernig við náum að vaxa og dafna innan hans. Blái liturinn í hringnum er tákn einhverfu þar sem við erum sérhæfður ráðgjafaskóli þegar kemur að atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu. Að okkar mati ákaflega fallett og bjart logó.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Mat á starfi leikskólans fer fram á reglulegum matsfundum yfir árið, deildastjórafundum og deildarfundum. Í lok skólaárs er síðan farið í heildstætt mat á ákveðnum þáttum leikskólastarfsins á skipulagsdegi starfsmanna. Matsfundir eiga að vera sex á ári, þrjár fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Fulltrúar frá yngri barna deildum sitja matsfundum saman í lok hvers mánaðar og sama á við um fulltrúa frá eldri barna deildum. Allar deildir hafa þá fundað einu sinni yfir mánuðinn og gefur þá upplýsingar frá sinni deild inn á matsfundinn.

Allir/eldri deildir:

Áherslur á síðasta skólaári var að efla okkur í einingarkubbum, nýta stuðning við jákvæða hegðun (PBS) betur inni á deildum, efla mál og læsi og klára málstefnu leikskólans.

Við höfum náð nokkuð góðum árangri í að efla okkur í mál og læsi, einingarkubbum og stuðning við jákvæða hegðun (PBS). En auk þess er málstefnan á lokametrunum.

Við erum í vinnu með miðju máls og læsi með fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra og heldur það áfram á næsta skólaári. Mjög skemmtileg og gefandi vinna.

Einnig fengum við inn námskeið í einingakubbum og Numicon kubbum og munum nýta það vel í starfinu á næsta skólaári. Frábær námskeið og mikil ánægja með þau.

Yngri deildir:

Lubbi finnur málbein: Í heildina gekk vel að halda hugmyndinni um Lubba lifandi. Lubbi var nýttur að einhverju leiti í samverustundum á yngri deildum sem og í söngstundum. Börnin hafa gaman að Lubba og var hann nýttur mikið í upphafi skólaárs. Starfsfólk var meðvitað um að leggja inn hljóðin og atkvæðin. Það sem hefði þurft að vinna betur með voru táknið fyrir hvert hljóð fyrir sig og heldur sú vinna áfram næsta skólaári.

Könnunarleikur: Það gekk mjög vel að nýta könnunarleikinn í starfinu og var hann notaður mikið yfir skólaárið. Starfsfólk var virkt í leiknum með börnunum. Í starfsáætlun síðasta árs var ákveðið að fara ætti yfir efnivið könnunarleiksins og endurnýja, það náðist að einhverju leyti og er ennþá í vinnslu.

Smiðja: Þessa þáttur gekk ekki nógu vel og datt smiðjan því miður meira og minna út þetta skólaár. Farið var í smiðju á deildum yfir árið en það var þó ekki skipulagt og gerðist alltof sjaldan. Þegar farið var í smiðju var það gert vel og börnin nutu stundanna mikið. Koma þarf smiðju inn í skipulagt starf





deildarinnar og virkja starfsfólk deildanna í að sjá um smiðju og finna efnivið eða koma með hugmyndir. Einnig að tengja deildarnar og nýta hugmyndir hvers annars.

Hreyfistund í sal: Það gekk vel að hafa skemmtilegar og mismunandi hreyfistundir í salnum þar sem settar voru upp ýmsar þrautabrautir. Markmið síðasta árs var að búa til gagnabanka með hugmyndum af mismunandi hreyfistundum en það náðist ekki og mun hann því vonandi vaxa á næsta skólaári.

Allir:

Við tókum einn starfsdag í vetur í að vinna í kaflanum um hlutverk starfsmanna í leik. Starfsfólki var skipt í hópa þvert á leikskólann og fékk starfsfólk tækifæri til að rýna í sitt hlutverk í leiknum og hvaða tækifæri við hefðum til bæta út frá kaflanum um hlutverk starfsmanna. Það var upplifun starfsfólks að leikurinn væri mikilvæg námsleið fyrir börnin og að hlutverk okkar fullorðinna í leiknum gæti og mundi ýta undir frekara nám. Það er bara spurning um áherslur eins og hvenær förum við inn í leikinn, á hvaða forsendum og hvernig. Þetta var skemmtileg og uppbyggileg umræða sem mun nýtast okkur í áherslum næsta skólaárs.

Mat og áherslur næsta skólaár:

| Hópastundir, leikurinn og hlutverk starfsmanna – allir | |
|---|--|
| Hvernig fór matið fram? | Reglulegt mat á starfinu fór fram á matsfundum sem eiga að vera þrjú á haustönn og þrjú á vorönn. Helstu áherslur á vorönn var að meta stöðu leiksins í dagskipulaginu hjá okkur og hlutverk starfsmanna í leiknum. Matið fór fram á skipulagsdegi um mitt ár og í lok vetrar. |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Allir starfsmenn komu að matinu með einhverju móti, hvort sem það var á deildarfundum og/eða á skipulagsdegi. Málið var rætt bæði í stórum og litlum hópum. Blönduðum þvert á deildir, hver deild sér og eldri saman og yngri saman. |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Hópastund hefur gengið vel og eru námsleiðirnar og efniviðurinn vel ásættanlegur. Starfsfólkið er virkt, hefur |





| | |
|--|---|
| | <p>góða innsýn í efniviðinn og fær tíma til að undirbúa sig fyrir stundirnar. Aftur á móti þá teljum við að frjálsi leikurinn fái ekki nægt rými í dagskipulaginu og viljum við breyta því.</p> <p>Lögð verður því áhersla á að efla frjálsa leikinn og nám í gegnum hann. Sjá umbótaáætlun eldri og yngri.</p> |
|--|---|

Ytra mat

| Starfsmanna könnun | |
|--|--|
| Hvernig fór matið fram? | Starfsmenn fengu senda könnun á Reykjavíkur netfangið sitt. |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Allt starfsfólk átti að taka þátt en það tókst ekki vegna breytinga á tölvukerfi og flutning úr rvkskolar.is yfir í reykjavik.is sem skapaði mikla erfiðleika í leikskólanum í margar mánuði. Aðeins tóku 16 manns sem er um 42% starfsmanna |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | <p>Spurning hversu marktækt þetta var þar sem flest starfsfólk gat ekki tekið þátt vegna kerfisbreytinga.</p> <p>Heildarmat á leikskólanum er 3,66 af 5 sem er ekki nógu gott. Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólki fannst stjórnunin ekki nóg góð en hún fékk töluna 3.40 af 5 og sveigjanleiki í vinnu sem fékk töluna 3.25 af 5.</p> <p>Starfsandi og vinnuskilyrði þokkaleg eða um 4.0 en 3.5-4.4 flokkast sem frekar góð einkunn.</p> <p>Við munum rýna þetta með stjórnendateyminu og senda síðan út könnun til starfsmanna um þess þætti. Í framhaldinu verður gerð umbótaáætlun til þess að styrkja þessa þætti.</p> <p>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu halda utan um vinnuna og gera plan strax í ágúst. Vinna að úrbótum á síðan að hefjast í september.</p> |





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

| Stjórnun og sveigjanleiki í vinnu. | |
|--|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Stjórnun Sveigjanleiki í vinnu. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Samkvæmt svörum starfsmanna er talið að leikskólanum sé illa stjórnað og það þarf að skoða nánar. Hvað fellst í því og hvaða þættir það eru helst. Komast þarf að því hvað það er sem starfsfólki finnst ekki nógu gott í stjórnun leikskólans. Að sveigjanleiki í vinnu sé skilgreindur og starfsfólk skilji áhrif þess. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Rýna þarf í þennan þátt með stjórnendateyminu eins og áður kom fram og leggja svo fram ítarlegri könnun til starfsmanna um ákveðna þætti stjórnunar. Taka umræðuna í starfsmannahópnum, helst í litlum hópum á skipulagsdegi að hausti. |
| Ábyrgð | Leikskólastjórar Leikskólastjórar |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Samtal og könnun í lok ágúst til allra starfsmanna sem voru veturinn 2023-2024. Gera endurbætur í september 2024. Umræður á skipulagsdegi í október. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Starfsmannakönnun í nóv. 2024 fyrir bæði atriðin. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að stjórnun leikskólans sé góð og starfsfólk ánægt með hana. |





| | |
|--|--|
| | Að það sé sveigjanleiki í vinnu upp að því marki að það skapi ekki álag í starfi og á samstarfsaðila. Að við séum meðvituð um samvinnu og virðingu fyrir starfsumhverfinu. |
|--|--|

4 Innra mat deilda 2023-2024

Yngri:

| Yngri barna deildir 1-3 ára | |
|--|--|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Hópastundir |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Breyta fyrirkomulagi hópastunda í leikskólanum. Stefnt er að því að allir vinni að sama markmiði og að unnið sé heildrænt yfir allar yngri deildir, þ.e. að allir vinni eftir sömu starfsháttum. Fækka þemum í hópastundum og ekki festa þau mánaðarlega eins og hefur verið, heldur verður unnið með þrjú þemu yfir allt skólaárið. Starfsfólk fær 1 – 2 klukkustundir á viku til þess að skipuleggja og undirbúa sínar hópastundir. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Virkja starfsfólk í hópastundum. Hópastundir munu snúast fyrst og fremst í nám í gegnum leikinn og starfsfólk verður virkt í leiknum með börnunum. Starfsfólk mun ekki eiga einn sérstakan hóp líkt og áður hefur verið þess í stað munu þeir eiga eina starfsstöð alla vikuna. Unnið verður með þrjú þemu, liti, líkamann og dýrin yfir allt árið. |
| Ábyrgð | Deildarstjórar yngri deildanna. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Haust 2024 og verður vonandi viðvarandi ef vel gengur. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Deildarstjórar hittast á mánaðarlegum fundum og meta hópastundirnar. |





| | |
|--|---|
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að hópastundir séu reglulegar, að starfsfólk sé virkt í að kenna í gegnum leikinn og að börnin læri orðaforða tengdum þemunum sem unnið er með. |
|--|---|

| Yngri barna deildir 1-3 ára | |
|--|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Heimsóknir á milli deilda |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Auka samstarf á milli yngri deildanna með því að hefja heimsóknir á milli deilda einu sinni í mánuði. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Á salatíma einn miðvikudag í mánuði verður flæði á milli allra yngri deilda þar sem ein stöð verður í salnum og svo tvær stöðvar á tveimur deildum. |
| Ábyrgð | Deildarstjórar |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Haust 2024 – vor 2024 og endurmetið. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Deildarstjórar hittast á fagfundum einu sinni í mánuði og meta hvernig gengur og hvort það þurfi að breyta fyrirkomulagi. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Starfsfólk allra yngri deilda kynnist öllum börnunum á deildunum ásamt því að börnin kynnast áður en þau fara saman á eldri deildir leikskólans. Þetta verður vonandi til þess að tengslanet barna og kennara víkkar. |





Eldri:

| Eldri deildir – Brekkukot, Hólakot og Lækjarkot, börn á aldrinum 3 – 6 ára | |
|--|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Mál og læsi - Efla lestur bóka/gæðasögustundir |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Að efla orðaforða barna og leggja markvisst inn orðaforða úr lagi 1 og lagi 2. Einnig að vinna með orðaforðalag 3 eða námsorðaforða. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Styðjast við samræðulestur, flæðislestur og Orðaspjall. Gæðasögustundir daglega í hópastarfi eða efir kaffitíma. Orðaforðinn sem er unninn með er gerður sýnilegur upp á vegg og bækur sem eru lesnar gerðar sýnilegar. |
| Ábyrgð | Deildarstjórar |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til maí 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Mat fer fram á deildarfundum, matsfundum og á skipulagsdögum fyrir og eftir áramót. Viðtal við börnin, blað í ferilmöppu. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að börnin séu farin að nota ný lærd orð í töluðu máli. Að áhugi hafi aukist á bókum og nýjum óþekktum orðum í texta. |

| Eldri deilir – Brekkukot, Hólakot og Lækjarkot, börn 3 og 6 ára | |
|--|--|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, | Nám í gegnum leik og hlutverk starfsmanna í leik |





| | |
|--|--|
| mannauður/leikskólabragur, innra mat) | |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Að auka tíma og rými fyrir frjálsan leik. Gefa börnum ríkuleg tækifæri til að leika sér á eigin forsendum og komast í flæði. Við viljum efla og styrkja kennara í hlutverki sínu í leik barna. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Að draga úr kennarastýrðum athöfnum, lesa betur í aðstæður þegar leikur er góður og hafa sveigjanlegra tíma- og dagskipulag. Fræðsla um hlutverk starfsmanna sem er byggt á 7. kafla, Leikur og nám barna í Aðalnámskrá leikskóla (nýi kaflinn). Kynning fyrir starfsmenn um leik og hlutverk kennara í leik (skipulagsdagur í september). |
| Ábyrgð | Deildarstjórar Regína og Þurý bera ábyrgð á haust kynningunni. Auk þess verður fenginn inn fyrirlestur um leikinn og hlutverk starfsmann á skipulagsdegi í sept/okt. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til maí 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Deildarfundir, skipulagsdagar og matsfundir. Könnun fyrir starfsfólkið í lok haustannar 2024 og í lok vorannar 2025. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Þegar kannanir sýni að leikurinn fái meira tíma og rými. Að starfsfólk sé farið að lesa í leikaðstæður barna og þekki vel hlutverk sitt í frjálsum leik og er farið að styðja við leik barna á faglegan hátt. |





5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

| | |
|---|--|
| <p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p> | <p>Í leikskólanum starfa tveir sérkennslustjórar og heldur annar utan um sérhæfingu leikskólans sem er atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu og/eða aðrar raskanir (S1).</p> <p>Hinn sérkennslustjórinn heldur utan um og vinnur með málþroska raskanir barna, hvort sem það er í hópum eða með einstaka börnum. Vegna langvarandi veikinda náðust ekki þau markmið sem voru sett fyrir skólaárið og munum við því nota þau sömu þetta ár. (S2)</p> <p>Viðkomandi er þá á deildunum og vinnur með börnunum. Í báðum tilfellum er unnið með börnin í einstaklingskennslu og í hópum en það fer allt eftir getu og þroska barnanna en auk þess er tekið mið af fötlun/röskun.</p> <p>S1= skráningar eru daglegar í hverri þjálfunarstund á þar til gerð eyðublöð sem fylgja atferlisíhlutun. Undirbúningur vinnufundar er samantekt á skráningum yfir ákv. tímabil á milli teymisfunda og sent á þá sem sitja í teyminu. Auk þess er reglulegt endurmat á nýrri færni eftir því sem lærð færni hjá barninu eykst og nýjum flokkum bætt við eftir þörfum.</p> <p>S2 - Notuð eru skráningarblöð frá talmeinafræðingum á SM. Þau eru hluti af samstarfsverkefninu í Breiðholti, Læsi allra mál.</p> <p>S1= Leikskólinn er þátttakandi í þriggja landa Erasmus verkefni sem kallast Be Inclusive. Okkar verkefni innan þess er að bæta enn frekar teymisfundi leikskólans og gera þá enn markvissari en áður.</p> |
| <p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p> | <p>S1= unnið eftir er færnimatslista úr bókinni Behavioral Intervention for Young Children with Autism og WB-mapp. Fyllt hefur verið í AEPS og einstaka kaflar hafa verið ljósritaðir úr ABLLS-R eftir þörfum.</p> <p>S2 - Hljóm-2 og EFI-2. Erum einnig að prófa okkur áfram með hæfnirammanna og TRAS Tókum einnig þátt í rannsókn þar sem</p> |





| | |
|--|---|
| | deildastjórar og foreldrar fylltu út Lanis nýja skimunartækið. |
| Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | S1= ýmist eru notuð aðkeypt námsgögn eða þau útbúin í leikskólanum. Suðurborg á töluvert af námsgögnum sem hafa verið búin til á staðnum og nýtast á milli tímabila þjálfunar. S2 - Super Duper stokkar, sögubækur, alls kyns spil, Ipad, verkefnabækur s.s Orðagull, Orðahljóð. |

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

| Deild/aldur barna | |
|--|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | S1. Efla börn í sérkennslu í félagslegum aðstæðum. Kenna og leiðbeina börnum sem eiga erfitt í félagsfærni. Bæði inni á deild og einnig í útiveru S2. setja markmið í málörvun þar sem allar deildar vinna að sömu markmiðum og með fjölbreyttar kennsluáðferðir |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | S1. Stefnum að því að börn læri að leika sér á viðeigandi hátt með leikefni S2. Að starfsfólk með stuðningi frá S2 vinni að málörvunar markmiðum leikskólans og noti til þess fjölbreyttar leiðir, þannig að orðaforði og skilningur barnanna aukist |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | S1.Kenna börnum hvernig á að leika sér í leik með leikefni. Búa til litla leikhópa, kennara stýrður leikur í upphafi. Vísa í aðalnámskrá leikskóla. S2. Með því að hafa skipulagðar málörvunar stundir og nota fjölbreyttar aðferðir, |
| Ábyrgð | S1. Ábyrgðin er á sérkennslustjóra atferlisíhlutunar og umsjónarþjálfara S2 Sérkennslustjóri málörvunar. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | S1.Þetta markmið spannar allt skólaárið. Hægt að er brjóta stóra markmiðið niður í smærri lítil verkefni. S2. Haust 2024 endurmat vor 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | S1. Meta skal markmiðið á endurmatsfundum og samtölum og með félagsfærni gátlistana til hliðsjónar. |





| | |
|--|---|
| (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | S2. Mat tvisvar á önninni, fundir og samtöl. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | S1. Að barn kunni að vera í smærri hópum og leika með viðeigandi leikefni. Til er félagsfærni gátlisti sem við munum styðjast við. S2. Að orðaforði barnanna aukist og dýpki. Að fleiri börn komi út í meðalfærni á Efi2 og Hljóm2 |

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Fjármagnið fer í laun starfsmanns sem heldur utan um og vinnur sérstaklega með fjöltyngd börn sem þurfa á auka aðstoð að halda. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Unnið er með Gefðu 10 á deildum og lögð áhersla á að það sé notað daglega ef þess er þörf. Farið er yfir sjónrænt dagsskipulag á öllum deildum að morgni. Notum Lubbi finnur málbein til þess að æfa máhljóðin og auka orðaforða og auðvitað er daglegur bókalestur. Í hópastarfi er lögð áhersla á mál og læsi. Við lærum texta og þulur í söngstundum og förum yfir merkingu textans og útskýrum. |
| Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)? | Vísa mánaðarins er á öllum deildum með áherslu á ákveðin orðaforða, t.d. liti, árstíðir og fleira. Reglulegar lestrar- og samverustundir. Einstaklings/flæðislestur fyrir þau börn sem þurfa dýpkun á orðaforða. Reynum að vinna með litla hópa til að börnin fái sem mest út úr stundinni. Þau börn sem þess þurfa fá málörvunartíma 1x til 3x í viku hjá verkefnastjóra fjölmenningar. Vinum með ípad, smáforrit og sögugerð, spil, bækur orðagull. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Við notum Efi2 og Hljóm2 til þess að meta stöðuna hjá börnunum í samræmi við leiðbeiningar frá Suðurmíðstöð. Þegar börn koma slök út er inngríp í 3 mánuði í leikskólanum þar sem lögð er áhersla á alla þætti máls, endurmetið og unnið út frá því. Þetta verklag er samkvæmt leiðbeiningum frá talmeinafræðingum þjónustumiðstöðvarinnar Einstaklingsáætlanir eru gerðar og áætlanir til þess að auka alla þætti máls. |





| | |
|---|---|
| | Einnig er alltaf skráð árangursmat eftir hvern tíma. Notuð eru skráningablöð frá talmeinafræðingum á Suðurmiðstöð sem eru hluti af samstarfsverkefninu Læsi er allra mál. |
| Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Í málörvunarstundum er markvisst unnið að því að efla skilning og tjáningu. Börnunum er gefið tækifæri á að nota og skilja tungumálið, vinnum með orðaforða, málfræði, setningar, málnotkun og hljóðkerfisvitund samkvæmt læsisáætlun Breiðholts. Einnig er áhersla á alla þætti máls í deildarstarfinu ásamt ritmáli. Félagsfærni og tilfinningavinna fer meðal annars fram með því að nota bangsann Blæ og Stuðning við jákvæða hegðun (PBS), hugmyndafræði þar sem börn læra félagslegt tungumál og tilfinningaorðaforða. |

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| Allar deildir leikskólans | |
|---|---|
| Efla íslenskt mál og læsi í leikskólanum enn frekar. | |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Það þarf að halda áfram með að efla íslensku sem aðalmál í leikskólanum. Að allir sem að leikskólanum koma séu meðvitaðir um mikilvægi íslenskukennslu og íslensku umhverfi. Kynna málstefnu leikskólans þannig að allir í leikskólanum séu meðvitaðir um stefnuna. Einnig þarf að kynna hana fyrir foreldrum. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Fá fræðslu frá miðju máls og læsis fyrir starfsfólk og foreldra um mikilvægi íslensku í málumhverfi í leikskólanum Að hafa kynningu á málstefnu leikskólans fyrir starfsmenn á skipulagdegi í september og senda svo stefnuna á foreldra. Kynna auk þess stefnuna á foreldrafundi að hausti þar sem starf leikskólans er kynnt. |
| Ábyrgð | Sérkennslustjóri og deildarstjóri málörvunar. Leikskólastjórar ásamt stjórnendateymi leikskólans. |





| | |
|--|--|
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Vinna hófst með fræðslu fyrir starfsfólk í júní 2024 . Kynning fyrir foreldra verður haustið 2024. Vinnu lýkur vor 2025. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Umræður á matsfundum stjórnenda ásamt því að leggja fyrir könnun í starfsmanna- og foreldrahópnum. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að allir séu meðvitaðir um stefnu leikskólans þegar kemur á íslensku sem okkar aðal tungumál og að það sé styrkur í því í starfi með börnunum. |

| Deild/aldur barna | |
|--|--|
| Nota fjölbreyttar leiðir til þess að efla málskilning og máltjáningu. | |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Að skapa fjölbreyttar og skemmtilegar málörvunarstundir sem vekja áhuga barnanna á tungumálinu. Að virkja starfsfólk í að nota þær aðferðir sem unnið verður með. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Með því að efla málskilning og máltjáningu í gegnum frjálsan leik, hreyfistundir og söng ásamt því að vinna með fjölbreytt kennsluefni í gegnum I-pad og spil. Sérkennslustjóri málörvunar og deildarstjóri fjölmenningar vinna með börnunum í hóp og einstaklinglega, allt eftir þörfum barnanna og getu. En auk þess styðja viðkomandi starfsmenn deilda þegar kemur að því að efla málskilning og máltjáningu. |
| Ábyrgð | Sérkennslustjóri og deildarstjóri fjölmenningar. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Vinna hefst haustið 2024 og verður út skólaárið. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Reglulegir matsfundir sérkennslustjóra og deildarstjóra fjölmenningar ásamt því að funda með deildarstjórum allra deilda leikskólans. |





| | |
|--|---|
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | <p>Að sjá framfarir hjá börnunum sem unnið verður með í gegnum viðeigandi matsaðferðir svo sem Efi2 og/eða Hljóm2.</p> <p>Að starfsfólk verði virkt í að efla málskilning og tjáningu og að orðaforði barnanna aukist og skilningur verður dýpri.</p> |
|--|---|





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl verða strax í september og mun leikskólastjóri taka þau samtöl við starfsfólk sem hefur unnið í ár eða lengur. Aðstoðarleikskólastjóri sér um að eiga regluleg leiðbeinandi samtöl við allt nýtt starfsfólk ásamt deildarstjórum viðkomandi deilda.

Deildarstjórar eiga auk þess að taka samtal 1-2 ári við sitt starfsfólk um líðan og hlutverk í starfi deildarinnar.

Starfsfólki er bent á að leita sér fræðslu á torginu en auk þess fer stór hlut fram á skipulagsdögum leikskólans og í gegnum þau verkefni sem eru til staðar svo sem samstarfið við miðju máls og læsis. En þær hafa komið inn með fræðslu fyrir deildir á deildarfundum.

Fræðsla næsta skólaárs verður eins og fram hefur komið um leikinn sem námsleið og hlutverk starfsmanna. Auk þess höfum við óskað eftir fræðslu/námskeið um listsköpun með börnum.

Það er einnig stefnan á að fara á ráðstefnuna á degi leikskólans sem verður í febrúar 2025.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á hverju hausti funda leik- og grunnskólakennarar og hefja þannig samstarfið það skólaárið. Á fundinum eru ræddar helstu áherslur í starfi beggja skólastiga og skipulag heimsóknna í hvorn skólann fyrir sig.

Ákveðið skilaskjal fylgir börnunum í grunnskólann að loknum leikskóla og eru skjölin afhent á skilafundi í lok maí hvert skólaár. Þau börn sem ekki fara í hverfisskólann fá skjölin með sér í viðkomandi skóla.

Elstu börn leikskólans fara í fjórar heimsóknir í grunnskólann, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót og börnin í fyrsta bekk koma tvisvar í heimsókn í leikskólann á vorönninni. Leikskólabörnin fara í fyrstu heimsóknina að hausti og er það kynning á húsakynnum skólans og á útileiksvæði í og við skólann. Í annarri heimsókninni fá þau að taka þátt í kennslustund og fara svo börnin með 1. bekkungum út í frímínútur. Í þriðju heimsókninni er kennslustund og nestistími. Fjórða heimsóknin er heimsókn með foreldrum en þá fara börnin í kennslustund og foreldrar fá kynningu á skólafseminni. Einnig er þeim boðið að taka þátt í íþróttatíma hjá 1. bekk auk þess fara börnin einu sinni í viku í íþróttatíma á vegum ÍR en tímarnir fara fram í íþróttahúsi Hólabrekkuskóla og eru tímarnir góður undirbúningur fyrir komandi íþróttatíma. Þá fara börnin einnig í heimsókn í Álfheima, frístundaheimili grunnskólans. Þegar grunnskólabörnin koma í heimsókn í leikskólann taka þau þátt í starfi innandyra fyrra skiptið en utandyra í seinna skiptið.





8 Foreldrasamvinna

Í Suðurborg er starfandi foreldraráð og í því eiga að sitja þrír fulltrúar. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins í september/október ár hvert. Leikskólastjóri fundar með foreldraráðinu fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag, þar sitja fulltrúar frá hverri deild auk tveggja tengiliða frá leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði og heldur utan um ýmsar upptökur í leikskólanum.

Áætlað er að hafa kynningu á starfi vetrarins í lok september. Kynning verður fyrir eldri einn morgun og fyrir yngri annan morgun. Kynningafundir hafa ekki borið árangur hingað til vegna dræmrar mætingu foreldra en erum við að vonast til að þetta gangi betur upp núna. Kynningarfundir hafa ekki verið síðan fyrir Covid.

Áætlað er að bjóða foreldrum í morgunkaffi 2-3 yfir veturinn en auk þess verður hið árlega foreldrakaffi á aðventunni í byrjun desember. Þá verður foreldrum boðið uppá heimabakaðar piparkökur skreyttar af börnunum og heitt kakó. Foreldrar hafa einnig tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu upptökum sem leikskólinn býður uppá s.s. sveitaferð, opnu húsi og sumarhátíð.

Foreldraviðtöl verða í október og mars og geta foreldrar valið sér tíma á ákveðnum dögum. Í viðtalinu að hausti er farið yfir líðan barnanna í hópnum eftir aðlögun, hvort sem það er inn í leikskólann eða á milli deilda. Síðastliðin ár hefur kynning á starfi leikskólans farið fram í þessum viðtölum en það dettur niður í ár þar sem kynningafundir verða settir á í september. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að koma með sín viðhorf til leikskólastarfsins og þeirra áherslur í uppeldi barnsins.

Í viðtalinu að vori er farið yfir athuganir sem gerðar eru á þroska barnanna. Foreldraviðtal elstu barna að vori er í maí þar sem farið er yfir skilaskjöl sem fylgja börnunum í grunnskólann.

Við bjóðum upp á túlkaviðtöl fyrir foreldra af erlendum uppruna og á það bæði við foreldraviðtöl sem eru tvisvar á ári og fyrsta viðtal þegar börnin eru að byrja í leikskólanum þar sem þau fá mikilvægar upplýsingar um leikskólann. Foreldrar barna af erlendum uppruna fá auk þess túlk í aðlögun ef þörf er á.





Við sendum líka mikilvægar upplýsingar á ensku og pólsku ásamt íslensku, bæði í tölvupósti og á tilkynningartöflum í fataklefa hvernar deildar. Við höfum auk þess nýtt krafta okkar starfsmanna af erlendum uppruna til þess að túlka og eða þýða fyrir okkur í daglegu starfi hagnýtar upplýsingar sem upp geta komið hverju sinni og er það gert í samvinnu við foreldra barna í leikskólanum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu 2024-2025

20.september - Fræðsla um leikinn og hlutverk starfsmanna í leiknum. Skipulag vetrar.

25.október - Listsköpun

29.nóvember eftir hádegi – skipulag vetrar

2.janúar

6.febrúar fyrir hádegi – Dagur leikskólans – ráðstefna.

9.maí

7.júní

10 Fylgiskjöl

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:





10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólan

Umsögn foreldraráðs 2024-2025

Markmið starfsáætlunarinnar eru fagleg og góð. Halda á áfram að nota Lubba, Blæ og orðaspjall sem efnivið sem okkur þykir hafa gengið vel. Blær stuðlar að tilfinningagreind barna, kennir þeim að setja mörk og bera virðingu fyrir mörkum leikfélaga og samnemenda. Einnig eykur Blær oft öryggistilfinningu barna. Lubbi gefur sýnt fram á kosti sína þegar kemur að málhljóðum og orðaforða svo eitthvað sé nefnt. En orðaspjall eykur orðaforða barna og gefur þeim tækifæri til þess að velta tungumálinu fyrir sér og kynnast því þar með enn betur.

Starfsmannaþróunin heldur einnig áfram og ætla þau að halda áfram að rýna í hlutverk starfsmanna í kringum leik sem okkur lýst vel á. Rík áhersla er lögð á orðaforða og að tala við börnin, orða það sem er gerast hverju sinni en markmiðið í ár er að bæta við áherslu á að læra í gegnum leik sem við tökum einnig fagnandi. Þar gefast tækifæri til þess að orða það sem á sér stað í leik barnanna sem dæmi.

Suðurborg ætlar að setja sér markmið að efla íslenskt mál og læsi enn frekar. Eldri deildir leikskólans að leggja enn ríkari áherslu á lestur og gæðasögustundir en það mun stuðla enn fremur að auknum orðaforða og að börn nái sem bestum tökum á tungumálinu. Enn fremur setja þau sér markmið að nota fjölbreyttar leiðir til að efla málskilning og máltjáningu nemenda sinna.

Nú hefur tekið til starfa nýr deildarstjóri fjölmenningar og erum við spennt fyrir því en það er mikilvægt fyrir Suðurborg að sinna fjölmenningu hverfisins eins vel og unnt er. Markmið leikskólans koma skýrt fram og áhersla á tungumálið er mjög jákvæð. En Suðurborg hefur staðið sig vel þegar kemur að fjölmenningu og fjölbreyttum nemendahópi sínum.

Umhyggja var eitt af markmiðum Suðurborgar á yngri deildum í fyrra og það virðist vera enn við líði á öllum deildum leikskólans. Börnunum líður vel og þykir vænt um starfsfólkið. Andrúmsloftið á leikskólanum er hlýlegt og gott, starfsmenn gefa sér tíma til að ræða við foreldra um daginn sem og stærri málefni sem við í foreldraráði eru mjög ánægð með.

Enn fremur gekk vel með einingakubba á eldri deildum sem og stuðningur við jákvæða hegðun, miðja máls og læsis hefur einnig gengið vel en það verkefni er enn í gangi.





Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva hefur áfram skilað sér vel. Börnin fá að fara í heimsóknir sem undirbúning fyrir grunnskólann og frístundina. Einnig hafa börnin haldið áfram að fara í hreyfistundir sem hafa slegið í gegn.

Viðhorf Suðurborgar til starfspróunar starfsmanna var gott á síðasta skóla ári, starfsmenn voru hvattir til að afla sér þekkingar og þannig stuðlað að enn betra skólastarfi og starfsháttum.

Nýja logo-ið hefur fallega merkingu og við teljum það einkenna leikskólann vel.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Kristín Ósk Magnúsdóttir

F. h. leikskólans

Berglind Hallgrímdóttir

11.7.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning





| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|--|-------------------------------|-------------------------|----------|---|--|---|---|-------|--|---------------------------------------|
| 1 F | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 S |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M Jólásögustund í salnunum kl:9:15 | 2 F Skipulagsdagur | 2 S | 2 S | 2 M | 2 F | 2 M |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 M Bolludagur | 3 F | 3 L | 3 Þ |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 Þ Sprengidagur Salt kjöt & baunir | 4 F | 4 S | 4 M |
| 5 M Fridagur verslunarmanna | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M Öskudagur Öskuball kl.10 & 13:30 | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 Þ | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F Jólapeysudagur | 6 M Prettándinn Prettándaball kl:10 | 6 F Dagur leikskólans 1/2 Skipulagsdagur t.háð | 6 F | 6 S | 6 Þ | 6 F Skipulagsdagur |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L Baráttudagur gegn einelti | 7 Þ | 7 F | 7 F | 7 M | 7 M Barnamenningarhátíð Elstu í Hörpu | 7 L |
| 8 F | 8 S Dagur læsis | 8 Þ | 8 F | 8 S | 8 M Vasaljósdagur | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 S Hvítasunnudagur |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F Skipulagsdagur | 9 M Annar í hvítasunnu |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M | 10 F | 10 L | 10 Þ |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M | 11 L | 11 Þ | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ | 12 F Bókadagur | 12 S Jólahúfundagur Jólamatur | 12 M | 12 M Leikfangadagur | 12 L | 12 M | 12 F |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 S | 13 S Pálmasunnudagur | 13 F Sumarhátíð Suðurborgar |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F | 14 M | 14 M | 14 L Sólgeraugnadagur |
| 15 F Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí | 15 S | 15 Þ | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ | 15 F | 15 S |
| 16 F | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | 16 L | 16 M Dagur íslenskrar tungu | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M | 16 F | 16 M |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ Jólaball Aðventukaffi kl: 14:45 | 17 F | 17 M | 17 M | 17 F | 17 L Skírdagur | 17 Þ Lýðveldisdagurinn |
| 18 S | 18 M | 18 F Bleikur dagur | 18 M | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 Þ | 18 F | 18 S Föstudagurinn langi | 18 M |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M | 19 F |
| 20 Þ | 20 F Skipulagsdagur | 20 S | 20 M | 20 M Dagur mannréttinda barna Blær dagur-vínátta | 20 F | 20 M | 20 F | 20 S | 20 S Páskadagur | 20 F Útskriftarferð í Vatnaskóg |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 F Konudagskaffi | 21 M | 21 M Annar í Páskum | 21 L |
| 22 F | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 Þ | 22 F | 22 S |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M | 23 F Þorláksmessa | 23 F | 23 S Konudagur - upphaf Góu | 23 M | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Bóndadagur Bóndadagskaffi | 24 M | 24 M | 24 F | 24 L Sumardagurinn fyrsti | 24 Þ |
| 25 S | 25 M | 25 F | 25 M | 25 M | 25 L Jóladaur | 25 Þ | 25 Þ | 25 F | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 F | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | 26 F | 26 M Annar í jólum | 26 S | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F | 27 M | 27 L | 27 F | 27 S | 27 Þ | 27 F Útskrift elstu barnanna kl 15 |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 M | 29 F 1/2 Skipulagsdagur eftir hádegi | 29 S | 29 M | 29 L | 29 Þ | 29 F | 29 S Uppstigningardagur |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | 30 S | 30 S | 30 M | 30 F Hattadagur | 30 M |
| 31 L | | 31 F Hrekkjavökuball | | 31 Þ Gamliársdagur | 31 F | | 31 M | | 31 L | |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.